

Alþingi
Erindi nr. P 142/46
komudagur 19.6.2013



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. júní 2013.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum (flýtimeðferð)

Samtök iðnaðarins fagna því að vilji sé til þess hjá stjórnvöldum að reyna að flýta meðferð ágreiningsmála fyrir dómstólum er varðar skuldir einstaklinga og fyrirtækja.

Að mati SI er frumvarpið hins vegar of almenns eðlis og tryggir ekki að málum þessum verði í raun hraðað fyrir dómstólum. Þá vilja SI vekja athygli á að úrlausnarefnið er í raun tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mál sem eru á leið fyrir dómstóla og hins vegar þau mál sem búið er að þingfesta fyrir dómstólum. SI leggja því til að frumvarpinu verði breytt og það verði svohljóðandi:

1. gr.

Við 1. mgr. 123. gr. laga um meðferð einkamála bætist nýr málslíður svohljóðandi: Hið sama á við þegar aðili hyggst höfða mál þar sem deilt er um lögmati þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi erlendra gjaldmiðla og um skilmála slíka skuldbindinga, svo sem um vexti.

2. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo: Nú lýtur ágreiningur í máli sem þegar hefur verið þingfest fyrir héraðsdómi að lögmati þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða uppgjöri slíkra skuldbindinga og skal þá hraða meðferð slíks máls. Frestur til að áfrýja slíku máli er þrjár vikur frá uppkvaðningu dóms. Frestir í máli fyrir Hæstarétti skulu vera svo skammir sem verða má.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 1. janúar 2016.

SI vilja í þessu sambandi benda á að það er ekki síður mikilvægt að stytta áfrýjunarfrestinn til Hæstaréttar, en af fenginni reynslu nýta lánastofnanir sér allan þann 3 mánaða frest sem þær hafa til að áfrýja málum til Hæstaréttar.

Þá fara SI þess á leit að í athugasemdum með frumvarpinu verði sérstaklega tekið fram að frumvarp þetta nái einnig til þeirra ágreiningsmála er varðar þá spurningu hvort fjármögnunarleigusamningar teljist lánasamningar eða leigusamningar.

Loks vilja SI vekja athygli á því að skv. bráðabirgðaákvæði XIV. í lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010, þá reiknast fyrningarfrestur

uppgjörskrafna vegna ólögætrar verðtryggingar lánessamnings í formi gengistryggingar frá 16. júní 2010. Ljóst er að meðferð og úrlausn þessara mála hafa dregist fram úr öllu hófi og sér engan veginn fyrir endann á þeim. Er því gríðarlega mikilvægt að hlutast verði til um að framlengja þennan frest.

SAMTÖK IÐNÁÐARINS


Sigurður B. Halldórsson, hrl.